

# Námsáætlun vetur 2016 - 2017

Íslenska

Bekkur: 3

## Áfangalýsing

Íslensku er skipt í lestur, talað mál, hlustun og áhorf, ritun og málfræði. Samkvæmt aðalnámskrá styðja þessir þættir hver við annan, tengjast, skarast og fléttast saman í eina heild.

Í vetur verður kennslunni skipt í lotur þ.e. við einbeitungum okkur að ákveðnum afmörkuðum þætti hverju sinni. Unnið verður með námsþáttinn frá mörgum hliðum og þannig reynt að höfða til sem flestra. Áhersla er lögð á samvinnu nemenda og markmið hverrar lotu gerð sýnileg. Kennslustundir eru 8 á viku.

Í lestrarkennslunni er lögð áhersla á að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir. Lesskilningur er efldur með því að vinna með hugtök, efla málskilning, orðaforða og ályktunarhæfni nemenda. Oftast er lesið fyrir nemendur í nestistímum og nemendur lesa fyrir kennara reglulega. Nemendur eiga að lesa heima á hverjum degi og foreldrar að kvitta fyrir á sérstakt kvittanablað. Mikilvægt er að nemendur þjálfist í að lesa fjölbreytta texta og æfi sig í að lesa upphátt og í hljóði.

Í ritun er lögð áhersla á vinnu með textagerð s.s. skipan efnispátta, málsnið, mál og stíl. Einnig verður unnið með skrift, uppsetningu og frágang auk stafsetningar.

Í málfræði er unnið með orðaforða og mótun málbeitingar og máltilfinningar.

Unnið er eftir aðferðum Byrjendalæsis. Til að auka lestrarhraða og lesskilning er unnið eftir PALS –lestraraðferð –pör að læra saman. Unnið verður með PALS eftir áramót í 8-12 vikur.

Námsmat er aðgengilegt á Mentor undir verkefnabók hvers nemanda.

### Lykilhæfni

Að nemandi:

*Virgni í samvinnu:*

- geti unnið með öðrum og átt jákvæð samskipti
- leggi sitt af mörkum í samstarfi
- geti tekið leiðsögn og gagnrýni vel

*Þrautseigja:*

- gefist ekki upp þegar verkefni eru erfið og krefjandi

*Sjálfstæði og ábyrgð:*

- Sýni sjálfstæði í vinnubrögðum, axli ábyrgð á námi sínu og gerir sitt besta

*Tjáning og miðlun:*

- geti tjáð hugsanir og skoðanir sínar og sett þær fram á viðeigandi hátt
- tjái sig skýrt og áheyrilega

Námsþáttur	Markmið	Kennsluhættir/leiðir	Grunnefni	Námsmat	Heimanám
Lestur, bókmenntir og ljóð	Að nemendur -geti lesið sér til ánægju og yndis -þjálfist lestrarhraða -auki orðaforða og lesskilning sinn -geti lesið fjölbreytta bókmenntatexta s.s. þjóðsögur, fræðitexta og	Hljóðlestur, upplestur, paralestur, samlestur, leitarlestur, PALS - lestraraðferð, lestrarsprettir, innlagnir, hópavinna og umræður.	Bækur af eigin vali til heimalestrar Bækur eftir íslenska barnabókahöfunda s.s. Sigrúnu Eldjárn <i>Helgi skoðar heiminn Egill</i> Bækur um og eftir	Lestrarpróf- Lesferill lagt þrisvar sinnum yfir skólaárið, Lesskilningsprófið – Orðarún í október, janúar og apríl LOGOS í október Lesskilningskannanir- munnlegar og	Lestur í 10 – 15 mínútur daglega. Les

	ljóð -kynnist íslenska barnabókahöfundinum Sigrúnu Eldjárn -geti aflað sér upplýsinga af rituðum texta.		Nínu Tryggvadóttur <i>Ævintýri á Ingólfsfjalli</i> <i>Markviss málörvun</i> <i>Leggðu við hlustir</i> <i>Ljáðu mér eyra</i> <i>Lesrún</i> <i>Sögusteinn</i>	skriflegar.	
<b>Námsþáttur</b>	<b>Markmið</b>	<b>Kennsluhættir/leiðir</b>	<b>Grunnefni</b>	<b>Námsmat</b>	<b>Heimanám</b>
Málfræði	Að nemendur -kunni að ríma -geti fundið samheiti/andheiti orða -geti raðað orðum í stafrófsröð -þekki muninn á sérhljóðum og samhljóðum -geti fundið nafnorð í texta -þekki sérnöfn og samnöfn -geti greint kyn, tölu og fall nafnorða -þekki einkenni lýsingarorða -þekki einkenni sagnorða	Nemendur þjálfaðir munnlega og skriflega. Paravinna, hópavinna. Innlögn frá kennara, ýmis þjálfunarspil og verkefni, umræður.	<i>Ritrún 2 og 3</i> <i>Lesrún</i> <i>Könnum kortin</i> Verkefni frá kennara Heimalestrarbækur	Munnlegar og skriflegar kannanir Sjálfsmat	
<b>Námsþáttur</b>	<b>Markmið</b>	<b>Kennsluhættir/leiðir</b>	<b>Grunnefni</b>	<b>Námsmat</b>	<b>Heimanám</b>
Stafsetning	Að nemendur -skrifi stóran staf í upphafi málsgreinar og í sérnöfnum -geti notað hjálparorðin minn og mín -viti að nöfn daga, mánaða og hátíða eru skrifaðir með litlum staf -þjálfist í að hlusta eftir hvort skrifa á einfaldan eða tvöfaldan samhljóða -kunni algengustu y-orð -þekki ng – nk regluna	Munnlegar æfingar og þjálfun, innlagnir, umræður, orðalistar skrifaðir, paravinna, heimalestarbækur, sóknarskrift.	<i>Hljóðskraf</i> <i>Ritrún 2 og 3</i> <i>Lesrún</i>	Aston Index – skimunarpróf í stafsetningu, stafsetningarpróf, sjálfsmat, orðalistar, texti nemenda metinn.	Orðabókin mín – 5 orð skrifuð eftir upplestri

Námsþáttur	Markmið	Kennsluhættir/leiðir	Grunnefni	Námsmat	Heimanám
Ritun og skrift	Að nemendur -dragi rétt til stafs og staðseti stafi rétt á línur -þjálfist í tengiskrift -auki skriftarhraða sinn -temji sér vönduð vinnubrögð -geti skrifað sögu frá eigin brjósti -hafi sögu með upphafi – miðju – og endi -tileinki sér helstu stafsetningarreglur við ritun	Skriftaræfingar í tímum, sóknarskrift, ýmis verkefni frá kennara Ýmsar ritunaræfingar þar sem stuðst er við hugtakakort, vennkort og leitaráætlun. 10 mínútna ritun þar sem nemendur skrifa daglega frá eigin brjósti. Skrifaðar eru sögur eftir myndum og gerðar myndasögur.	<i>Skriftarbók 3-A og B</i> <i>Skrift 3</i> <i>Skriftarrenningar</i> Sögubók <i>Lesrún</i> <i>Fræðibækur</i> Heimalestrarbækur Orðabókin mín	Skriftarkannanir, haust,vetur, vor Gátlistar Sögubækur Sjálfsmat	Orðabókin mín – 5 orð skrifuð eftir upplestri, áhersla á vandvirkni.
Námsþáttur	Markmið	Kennsluhættir/leiðir	Grunnefni	Námsmat	Heimanám
Talað mál og hlustun	Að nemendur -geti staðið fyrir framan hóp og talað áheyrilega -geti sýnt virðingu og hlustað á þann sem hefur orðið -geti sagt skipulega frá eigin upplifun og atburðum -geti tekið þátt í leikjum og látbragði.	Bekkjarfundir, kynningar á verkefnum –upplestur, leikræn tjáning, höfundastóll, hlustað á upplestur í nestistímum og af skjávarpa. Æfingar og framkoma á árshátíð skólans.	<i>Að leika og látast</i> Leiklist Önnu Jeppesen Ýmsar myndir Námsefni af <a href="http://www.nams.is">www;nams.is</a> <i>Markviss málörvun</i> Spil Sögubækur Heimalestrarbækur	Sjálfsmat Gátlisti	

Námsmat
<p>Raddlestrarpróf er tekið 4 – 6x á skólaárinu þ.e. í ágúst, október, desember, febrúar og maí. Niðurstöður prófanna eru gefnar í fjölda lesinna atkvæða á mínútu.</p> <p>Viðmið fyrir lesin atkvæði um áramót eru: A 180 og yfir, B 140 – 179, C 100 -139, D 100 og færri.</p> <p>Að vori eru: A 200 og yfir, B 150 – 199, C 120 -149, D 119 og færri.</p> <p>LOGOS - lestrarskimun er lagt fyrir í október af sérkennara.</p> <p>Lesskilningsprófið Orðarún er lagt fyrir í nóvember og febrúar.</p> <p>Lesferill – lestrarskimun er lagt fyrir í lok september, janúar og maí</p> <p>Aston Index stafsetningarpróf er lagt fyrir í október. Önnur stafsetningarpróf eru síðan í desember, febrúar og maí.</p> <p>Sjálfsmat og munnlegar kannanir í málfræði eru reglulega.</p> <p>Kennarar meta sögur nemenda, skoða skrift, stafsetningu og málfar og láta nemendur vita hvaða þætti þeir þurfa að leggja áherslu á. Nemendum er síðan skipt í hópa eftir því hvað þeir þurfa að þjálfra og fá þjálfunarverkefni í hringekjum.</p> <p>Nemendur meta einnig sjálfir sögur sínar þ.e. stafsetningu, skrift, vandvirkni og söguþráð.</p> <p>Allar niðurstöður birtast í verkefnabók á Mentor.</p>

## Kennarar

Kristín Haraldsdóttir [khar@akmennt.is](mailto:khar@akmennt.is)

Sigrún Ásmundsdóttir [sigas@akmennt.is](mailto:sigas@akmennt.is)

Sérkennari Sigurlaug Elva Ólafsdóttir [elvaola@akmennt.is](mailto:elvaola@akmennt.is)

Stuðningsfulltrúi Elín Sigurðardóttir [jgtp@simnet.is](mailto:jgtp@simnet.is)

Sérdeildarkennari: Matthildur Stefánsdóttir [hilla@akmennt.is](mailto:hilla@akmennt.is)

Birt með fyrirvara um breytingar